

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Viðfangsefni úr fjármunarétti (40% af heildarprófi)

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Viðfangsefni úr fjármunarétti (40%)
ATH. Prófið er þrískipt: Viðfangsefni úr fjármunarétti (40%), ábyrgðir (20%) og félagaréttur (40%).

Prófdagur: 31. október 2018 Kl.: 16:00-20:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð vegna þessa hluta prófsins (þ.m.t. forsíða): 3

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, eigi síðar en einni klukkustund eftir að próf hefst og eigi síðar en einni klukkustund áður en prófi lýkur. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.
Prófið fer fram á tölvu og skal úrlausnum skilað á rafrænu formi í lok prófs.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Raunhæft verkefni (15,0%)

K festi nýverið kaup á landspildu úr hendi S, til byggingar á atvinnuhúsnæði. Kaupin voru fjármögnuð af Z. Bygging húsnæðisins er vel á veg komin. Nú eru hins vegar uppi áhöld um hvort S hafi einn verið lögformlegur eigandi hins selda. Nánar tiltekið, þá hefur Z haldið því fram að landspildan hafi verið í sameign hans og S. Hann hafi því þurft að samþykkja söluna fyrir sitt leyti í samræmi við meginreglur eignaréttar. Hefur Z krafist ógildingar byggingarleyfis K, og niðurrifs hins nýja húsnæðis samhliða. Þess er að gæta að engra þinglýstra heimilda nýtur við í tengslum við umrædda landspildu.

Fjallið um möguleg úrræði samkvæmt reglum kröfu-, samninga- og skaðabótaréttar utan samninga út frá sjónarhóli K og Z.

2. Ritgerð (15,0%)

Lýsið stuttlega *þremur af fimm* eftirfarandi hugtökum:

- A) Sjónarmið um túlkun löggerna
- B) Lögræðisskortur
- C) Aðilaskipti að kröfuréttindum
- D) Almenna skaðabótareglan
- E) Umboð og umsýsla

3. Krossar (10,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
- (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. Ekki er hægt að krefjast riftunar samhliða því að krefjast réttra efnda, þ.e. efnda in natura.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

2. Hægt er að fá samning ógiltan, á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, á þeim grundvelli að slíkur aðstöðumunur hafi verið milli aðila við samningsgerð að það væri ósanngjarnt að halda samningnum upp á þann aðila sem hallaði á við samningsgerðina, nema um sé að ræða tvo lögaðila.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

3. Vangildisbætur kallast bætur sem eiga að gera aðila jafn settan og ef samningur hans við gagnaðila hefði verið rétt efndur.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

4. Krafa um ógildingu samnings á grundvelli óheiðarleika gagnaðila verður eingöngu studd við 33. gr. samningalaga nr. 7/1936.

- ☐ Rétt

☐ Rangt

5. Miskabætur eiga að bæta tjón sem er ófjárhagslegs eðlis.

☐ Rétt

☐ Rangt

6. Ef kröfuhafi kaupir kröfu á sjálfan sig getur slíkt leitt af sér lok kröfuréttinda.

☐ Rétt

☐ Rangt

7. Ófyrnd krafa getur fallið niður ef kröfuhafi hennar sýnir af sér aðgerðaleysi við að halda kröfunni við.

☐ Rétt

☐ Rangt

8. Dómstólar geta, á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, breytt einstökum ákvæðum samnings á meðan önnur ákvæði samnings haldast óbreytt, en þó aðeins að því gættu að samningurinn sé efnanlegur svo breyttur.

☐ Rétt

☐ Rangt

9. Almennt eru svonefnd óhappatilvik ekki skaðabótaskyld, þ.e. tjón vegna háttsemi sem nær ekki að teljast gáleysisleg.

☐ Rétt

☐ Rangt

10. Kröfuhafa- og skuldaraskipti eru háð samþykki skuldara kröfunnar.

☐ Rétt

☐ Rangt